

Ár 1980, þriðjudaginn 25. mars, var í málinu nr. 2/1980
kveðinn upp af Yfirfasteignamatshnefnd svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :


Mál þetta er að rekja til ágreinings milli eigenda fasteignar
að Spítalastíg 1 í Reykjavík og Reykjavíkurborgar út af viðbótar-
fasteignaskatti, sem lagður var á fasteignina samkvæmt tilkynningu
fasteignagjaldadeildar Reykjavíkurborgar hinn 13. október 1978.
Í fasteignamatsskrá þeirri, sem tók gildi 1. desember 1977, var
umrædd fasteign metin á samtals 5.098.000,-. Í ársbyrjun 1978
voru lögð fasteignagjöld á eignina að fjárhæð kr. 40.380,-, til
greiðslu í þremur áföngum sama ár, þ.e. 15. janúar, 15. mars og
15. apríl 1978. Greiddu eigendur fasteignagjöldin síðan í tvennu
lagi með kr. 13.460,- hinn 21. febrúar 1978 og kr. 26.920,- hinn
4. ágúst s.á. Við endurskoðun Fasteignamatsrákisins á mati
umræddrar fasteignar hinn 22. september 1978 hækkaði mat eignarinnar
í kr. 6.694.000,-. Í framhaldi af því hækkaði Reykjavíkurborg
fasteignagjöld af eigninni um kr. 6.720,- með fyrrgreindri
tilkynningu.

Eigendur umræddrar fasteignar, Bjarni Kristmundsson og Pétur
Stefánsson, telja ofangreinda hækkun fasteignagjalda heimildarlausá,
en því hefur verið mótmælt af hálfu Reykjavíkurborgar. Rökstuðningur
hefur komið fram af hálfu beggja aðila í málinu.


Aðeins er á valdsviði Yfirfasteignamatshnefndar að úrskurða
um skyldu til að svara fasteignaskatti af umræddri eign.
Samkvæmt 13. gr. reglugerðar nr. 320/1972 um fasteignaskatt skal
fasteignaskattur miðast við fasteignamatsskrá eignar í upphafi
gjaldársins. Samkvæmt því brast heimild til álagningar viðbótar-
fasteignaskatts á umræddri eign í október 1978 fyrir það gjaldár,
enda hafði Reykjavíkurborg ekki kært mat eignarinnar.

Ú R S K U R Ð A R O R Ð :

Eigendum ofangreindrar fasteignar að Spítalastíg 1 í
Reykjavík er óskyldt að svara viðbótarfasteignaskatti samkvæmt
tilkynningu fasteignagjaldadeildar Reykjavíkurborgar frá 13.
október 1978.


Gaukur Jörundsson.


Guðmundur Magnússon.


Torfi Ásgeirsson.